






Ársskýrsla 2021



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLK



Um ársskýrsluna

Maí 2022

Útgefandi: Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Ritstjórn og ábyrgð: Selma Kristjánsdóttir

Hönnun og uppsetning: Tómas Bolli Hafþórsson



Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stjórn og starfsmenn

Arndís Arnardóttir til apríl, SA
Eiður Stefánsson formaður frá júní, LÍV
Davíð Þorláksson frá apríl til desember, SA
Hugrún Elvarsdóttir frá desember, SA
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir formaður til júní og seta
í stjórn til nóvember, SA
Ragna Vala Kjartansdóttir frá nóvember, SA
Sara Dögg Svanhildardóttir til júní, SA
Selma Árnadóttir til júní, VR
Sigurður Sigfússon, VR
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir frá júní, VR

Varamenn:

Björg Ársælsdóttir, SA
Gils Einarsson, LÍV
Heiðrún Björk Gísladóttir, SA

Starfsmenn sjóðsins eru:

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir til maí, Selma Kristjánsdóttir
og Sandra Ósk Jóhannsdóttir.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er
Sigríður H. Sveinsdóttir, KPMG.

Sex stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsfólks og styrkja aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar starfsfólks síns. Sjóðurinn veitir einnig styrki til þróunar- og nýsköpunarverkefna. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,30% af launum félagsfólks en aðildarfélögin greiða fjórðungs móttframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsfólks sjóðsins sem leitt getur til virðisauka fyrir það og fyrirtækin.
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum m.a. með því að styðja við áframhaldandi þróun náms- og raunfærnimats fyrir greinarnar.
4. Að hvetja félagsfólk til náms.
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Yfirlit yfir breytingar og þróun sem átt hafa sér stað hjá sjóðnum á árunum 2014 til 2021

2014

Breyting á reglum. Ekki lengur stig, nú réttur. Styrkur 75% af reikningi – 90.000 kr. eða uppsöfnun 270.000 kr.

2016

Uppsöfnun tekur gildi. 270.000 kr. ef styrkur hefur ekki verið nýttur í 36 mánuði.

2017

Tómstund hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

Einstaklingar

2014

Tveggja ára aðlögunartímabil hefst, val á milli stiga eða réttar.

2016

Námskeið skilgreind. Forvörn styrkhæf, ekki meðferð.

2015

Vinna hefst að sameiginlegri vefgátt starfsmenntasjóða – Áttin.is.

2015

Fræðslustjóri að láni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki samþykkt.

2017

Sameiginlegur styrkur fyrirtækja og starfsfólks – ef nám 500.000 kr. eða hærra (diplómanám undanþegið).

Fyrirtæki

2015

Styrkur til fyrirtækja hækkaður úr 30.000 kr. í 50.000 kr. per einstakling.

2015

Áttin – sameiginleg vefgátt fyrirtækja aðgengileg til notkunar.

2016

Fræðslustjóri að láni ekki dreginn af rétti fyrirtækis.

2017

Viðmið á sameiginlegum styrk lækkað niður í 200.000 kr.

2014-2016

Rannsókn unnin á vegum sjóðsins á ávinningi SVS fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

2017

Rýnihópavinna – karlar 35+ og sókn þeirra í sjóðinn.

2018-2021

Sameiningarviðræður við SV enn í gangi.

Þróunarvinna SVS

2014

Þróun á rafrænni nálgun varðandi afgreiðslu fyrirtækjastyrkja.

2015

Áttin – þróunarvinna.

2017

Þróun á Diplómanámi í verslunarstjórnun og viðskiptafræði HR og Bifröst. Samstarf með SVP.

2017

Hækkun á veittum styrk. 90% af reikningi – 130.000 kr. og 390.000 kr. í uppsöfnun. Tómsund 50% – 30.000 kr. og ferðastyrkur 50% – 40.000 kr. Hægt að nýta uppsafnaðan ferðastyrk – 120.000 kr.

2021

Yfirlitsskjal yfir hvað er styrkhæft.

2017

Raunfærnimat þeirra sem falla utan markhóps FRÆ styrkhæft sem starfstengdur styrkur.

2020

Viðmiðum hvað er námskeið af hálfu sjóðsins sett í reglur sjóðsins.

2021

Yfirlitsskjal yfir leiðirnar þrjár.

2018

Aðildarfélögum heimilt að sækja um sérstaka styrki til sjóðsins vegna fræðslu félagsfólks.

2019

Rafrænt námsumhverfi styrkhæft.

2019

Stutt sérstaklega við rafræna fræðslu innan fyrirtækja.

2017

Viðmiðunartala á innri fræðslu við afgreiðslu á lækkuðu iðgjaldi hækkuð úr 7.500 kr. í 12.500.

2019

Úttekt unnin á Fræðslustjóra að láni – samstarfsverkefni sjóða.

2019

Hækkun og breyting á rétti fyrirtækja og útgreiðslu styrkja til fyrirtækja samþykkt. 90% greitt af reikningi, hámark 130.000 kr. per. einstakling. Réttur fyrirtækja 3 milljónir á ári. Tekur gildi 1. janúar 2020.

2018

Rannsókn meðal fyrirtækja og trúnaðarmanna á viðhorfi til náms í verslun.

2018

Samstarfsverkefni með Hæfnisetri ferðapjónustunnar – fræðsluþörf fyrirtækja í ferðapjónustu.

2021

Þátttaka í þróun á Stafrænu hæfnisetri með VR, SVP og HR.

2018

Niðurgreiðsla til fyrsta hóps í Diplómanámi – 50.000 kr., svo 25.000 kr. síðan er því hætt.

2018

Forystubraut SVP og Tækniskólans. Varð síðar Stafræn viðskiptalína á viðskiptabraut hjá Verzlunarskóla Íslands 2019.

2018-2021

Fagnám verslunar og þjónustu – fagbréf. Samstarfsverkefni SVS/VR, SVP, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Mímis símenntunar og Verzlunarskóla Íslands. Námið er í boði hjá Verzlunarskóla Íslands.

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Yfirlit yfir starf ársins

Félagsfólki sem sótti um styrk í sjóðinn fækkaði um 266 milli ára. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja dróst saman um rúmar 7 milljónir króna eða um 1% milli ára. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja hækkaði aftur á móti um rúmlega 12,5 milljónir milli ára eða um rúm 25%. Aukningin á rætur að rekja til þess að breyting var gerð á því hvernig réttur fyrirtækja myndast í sjóðinn. Frá 1. janúar 2020 áttu öll fyrirtæki sem staðið höfðu í skilum við sjóðinn og greitt iðgjöld samfelld í 12 mánuði frá umsóknardegi, rétt á þriggja milljóna króna styrk að hámarki á ársgrundvelli. Áður gat hámarksstyrkur sem fyrirtæki sóttu um numið helmingi af greiddum iðgjöldum þeirra til sjóðsins síðastliðna 36 mánuði til frádráttar áður útgreiddum styrkjum á tímabilinu.

Önnur verkefni á árinu


- Fulltrúar VR/LÍV í stjórn SVS sendu frá sér bókun vegna afstöðu sinnar til tillagna sem lagðar voru fram af hálfu starfshóps um aukið samstarf starfsmenntasjóða. Tillagan fól í sér yfirgripsmiklar breytingar á umsjón og starfsemi sjóðanna, SVS, Landsmenntar og Starfsafls. Fulltrúar VR/LÍV í stjórn SVS höfnuðu tillögum samstarfshópsins og sendu frá sér bókun um afstöðu sína þar sem tillagan var ekki talin til hagsbóta fyrir félagsfólk sjóðsins, né umgjörð SVS í heild sinni.
- Tilraunaverkefni Símans og aðkeypt ráðgjöf fyrir nemendur var samþykkt.
- Stefnumótun SVS frestað til 2022.
- Stafrænt hæfnisetur þróast í stafrænan ofurklasa og síðar í stafrænan hæfniklasa, aðkoma SVS til umræðu og samþykkt að veita klasanum styrk.
- Markaðsefni SVS uppfært í myndrænna form, Leiðirnar 3 og Hvað er styrkhæft? Efnið aðgengilegt á vefsíðu sjóðsins.
- Markaðsherferð Áttarinnar samþykkt af hálfu SVS.
- Þróunarstyrkur til Skákgreindar- gervigreind samþykktur.
- Samþykkt að taka þátt í kostnaði á nýrri nálgun á raunfærnimati á móti viðmiðum atvinnulífsins.
- Áframhaldandi samvinna um Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun í samvinnu við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík. Reglulegir fundir haldnir með verkefnastjórn.
- Fagnám og raunfærnimati í verslun og þjónustu varð að veruleika 2020 með vinnu aðila í þróunar- og stýrihópi. Reglulegir fundir með verkefnastjórn haldnir 2021.

- SVS sér um umsjón og rekstur Áttarinnar sem er vefgátt starfsmenntasjóða á almenna markaðinum. Á vef Áttarinnar geta fyrirtæki sótt um styrk til margra sjóða á sama tíma með einni umsókn.
- Hæfnisetur ferðapjónustunnar – áframhaldandi samstarfsverkefni ásamt samstarfssjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðapjónustu.
- Áfram var unnið að því að setja á fót miðlægan gagnagrunn fyrir stéttarfélögin innan Landssambands íslenskra verzlunarmanna vegna sjóðsins. Mánaðarleg gögn frá AFLÍ Starfsgreinafélagi og Félagi verslunar og skrifstofufólks á Akureyri lesast inn í grunn sjóðsins.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 782.255.393 árið 2021 en úthlutaðir styrkir úr sjóðnum voru að upphæð kr. 805.107.308. Eitt af meginmarkmiðum stjórnar sjóðsins


Hlutfall styrkja af iðgjöldum

Mynd 2



Iðgjöld og styrkir á verðlagi hvers árs

Mynd 1



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

undanfarin misseri hefur verið að 90% af iðgjöldum sjóðsins nýtist beint í styrki til hæfniaukningar fyrir félagsfólk sjóðsins og fyrirtæki sem að sjóðnum standa. Aukning greiddra styrkja hefur vaxið undanfarin ár og 2018 fara styrkir yfir framlög iðgjalda og hafa haldist þannig undanfarin þrjú ár. Greiddir styrkir úr sjóðnum umfram iðgjöld eru að upphæð kr. 22.851.915 eða tæp 103% kr. árið 2021. Sjá mynd 1 og 2.

Einstaklingsstyrkir

Sjóðsfélagar SVS tilheyrja 10 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verzlunarmanna (LÍV).

AFL Starfsgreinafélag
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri (FVSA)
Framsýn stéttarfélag
Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest)
Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)
Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ)
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verslunarmannafélag Skagfirðinga
VR

Stéttarfélögin sjá um afgreiðslu og þjónustu einstaklingsstyrkja til síns félagsfólks. Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 10 aðildarfélögum. Heildarútgreiðsla einstaklingsstyrkja í ársreikningi nam 740.886.774 kr., eða rúmum 7 milljónum lægra en árið áður. Einstaklingar sem fengu greidda styrki 2021 voru samtals 8.094 og fækkaði um 266 einstaklinga frá árinu áður, en þá fengu 8.360 einstaklingar greidda styrki frá sjóðnum, sjá mynd 3.


Við greiningu á gögnum er hver einstaklingur eingöngu talinn einu sinni, ekki er miðað við fjölda umsókna á hverju ári. Á árinu 2021 fengu 778 félagsmenn 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan sem var að hámarki 390.000 kr. Árið 2020 voru það 714 sem nýttu sér uppsafnaðan rétt og var því aukning milli ára í greiðslu á uppsöfnuðum styrk til félagsfólks sjóðsins.

Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2021 hækkaði um tæplega 2.000 kr. úr 70.080 kr. í 71.781 kr. Sjá mynd 4.

Sjá má meðalupphæð styrkja milli félaga á mynd 5, en þar má sjá áberandi háa tölu hjá einu aðildarfélaginu. Skýringin á því er sú að hærra hlutfall félagsfólks þess nýtti sér uppsöfnun á árinu sem hefur svo áhrif á meðaltalsgreiðslu þess félags.


Fjöldi einstaklinga

Mynd 3




Meðalupphæð styrkja til einstaklinga

Mynd 4



Meðalupphæð eftir félögum


Mynd 5



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Heildarupphæð einstaklingsstyrkja

Mynd 6




Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja árið 2021 var 740.886.774 kr. á móti 2020 747.909.838 kr. . Ekki er um að ræða miklar breytingar á heildarupphæð til einstaklingsstyrkja milli ára eða rétt um 7 milljónir króna. Sjá mynd 6.

Á mynd 7 er horft til meðalupphæðar á styrk eftir aldri á árunum 2020 og 2021. Sjá má að aldurshópurinn 45-54 ára er sá hópur sem hefur fengið úthlutað hæstu meðalupphæðinni 2021, en meðalupphæðin hefur einnig aukist mest hjá þeim aldurshópi milli ára. Flestar umsóknir félagsfólks VR koma frá aldurshópnum 25-34 ára og svo yngsta hópnum sem er undir 25 ára, sjá mynd 8.

Hjá hinum LÍV félögunum er yngsti hópurinn (undir 25 ára) öflugri í fjölda umsókna en fast á hæla þeirra kemur aldurshópurinn 25-34 ára árið 2021, sjá mynd 9.


Fjöldi styrkja eftir aldri – VR

Mynd 8




Fjöldi styrkja eftir aldri – önnur félög

Mynd 9




Meðalupphæð eftir aldri

Mynd 7



Hlutdeild kynja eftir aldri


Mynd 10



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Skipting styrkja 2021

Mynd 11



87.4%

eru vegna
starfstengds náms
innanlands eða
erlendis.

Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum í öllum aldurshópum eins og sjá má á mynd 10, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn.

Skiptingu einstaklingsstyrkja má sjá á mynd 11. Meirihluti greiddra einstaklingsstyrkja eða 87,4% eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis og lækkar aðeins milli ára en greiddir styrkir vegna starfstengds náms var 2020 97% .


Á mynd 12 má sjá hvernig starfstengt nám flokkast niður eftir því hvaða lið umsækjandi hakar í við umsókn. 36% styrkja eru vegna háskólanáms. Þar getur verið um að ræða grunn- og meistaranám, stök námskeið innan háskóla sem veita einingar og/eða frekari réttindi. Nám eða námskeið sem er ekki metið til eininga eða til aukinna réttinda verður að falla að viðmiðum sjóðsins um skilgreiningu og skilyrði námskeiðs og verður að tengjast starfi eða starfsþróun sjóðsfélaga til að teljast styrkhæft. Nánari skilgreining á hvað telst styrkhæft samkvæmt reglum sjóðsins er að finna á vef sjóðsins.

36%

styrkja eru vegna
háskólanáms.

Starfstengdur styrkur – tegund náms

Mynd 12



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Fyrirtækjastyrkir

Greiddir styrkir til fyrirtækja og samtaka ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna „Fræðslustjóra að láni“ voru samanlagt rúmar 62,5 milljónir króna og er hlutfall þeirra tæplega 8% af heildarstyrkjum sjóðsins, en var 6% árið áður. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja og samtaka hækkaði um rúmlega 12,5 milljónir milli ára eða um rúmlega 25%. Rekja má þessa hækkun til breytinga sem gerð var á möguleika fyrirtækja á hámarksstyrk 2020. Nú geta fyrirtæki sem standa í skilum við sjóðinn sótt um styrki til sjóðsins að hámarki þrjár milljónir króna en réttur fyrirtækja var áður háður greiddum iðgjöldum á 36 mánaða tímabili.


Fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi 2021 fengu sem nemur 46.350.245 kr. í afslátt á iðgjöldum til sjóðsins. Þar sem sú tala kemur ekki fram í bókhaldi sjóðsins er ekki hægt að gera grein fyrir henni sem hlutfalli af heildarstyrkjum sjóðsins. Þó má benda á að þessi upphæð er veruleg í samhengi við aðra greidda styrki til fyrirtækja. Styrkveiting SVS til fyrirtækja náði samtals til rúmlega 11.600 sjóðsfélaga sem er fjölgun um u.þ.b. 1.700 einstaklinga milli ára. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrki, „Fræðslustjóra að láni“ eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjölda starfsfólks sést á mynd 13.

Talsverð fækkun hefur verið á fjölda styrkja til fyrirtækja milli ára þó svo styrkupphæðir fari vaxandi. 475 styrkir vegna námskeiðahalds voru veittir til fyrirtækja 2021 á móti 519 árið áður og 564 styrkjum árið 2019. Reikna má með að Kórónufaraldurinn hafi haft áhrif á fjölda styrkja til fyrirtækja 2021 og 2020. Sjá mynd 14.


Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru 22 í lok árs 2021 sem er tveimur fyrirtækjum færri en árið áður. Sjá mynd 15. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt um rúmlega 69,5 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu rétt rúmlega 23 milljónir og er afsláttur þeirra því rúmlega 46 milljónir króna. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækunin gildir.

Árið 2021 bættust sex ný fyrirtæki við í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu „Fræðslustjóri að láni“ en þau voru einungis þrjú árið áður. Þetta eru fyrirtækin; BYKO, Fjarðarkaup, Árvakur, Fastus, Arctic Trucks og Skeljungur. „Fræðslustjóri að láni“ er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja.


Heildarfjöldi starfsfólks á bak við styrki Mynd 13



Fjöldi fyrirtækjastyrkja Mynd 14




Fjöldi fyrirtækja á lækkuðu iðgjaldi Mynd 15



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

11.600

Styrkveiting SVS til fyrirtækja náði samtals til rúmlega 11.600 sjóðsfélaga sem er fjölgun um u.þ.b. 1.700 einstaklinga milli ára.



Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk.

Árið 2017 samþykkti stjórn sjóðsins að setja á laggirnar sameiginlegan styrk einstaklings og fyrirtækis. Með því móti er möguleiki að hámarka rétt beggja aðila í sjóðinn á móti einum greiddum reikningi. Skilyrðin fyrir slíkri umsókn er að námsgjaldið sé hærra en kr. 200.000 og yfirlýsing fylgi frá fyrirtækinu að um sameiginlega umsókn sé að ræða af beggja hálfu. Einstaklingur sækir um sameiginlega umsókn í sjóðinn hjá sínu stéttarfélagi. Nánari útskýringar og leiðbeiningar um sameiginlegan styrk fyrirtækja og einstaklings má finna á vef sjóðsins. Fjöldi sameiginlegra umsókna fer fjölgandi milli ára eins og sjá má á mynd 17.

Þróunar- og nýsköpunarverkefni

Sjóðurinn styrkir verkefni sem stuðla að nýsköpun og þróun, hafa yfirfærslugildi og nýtast þannig starfsgreinum sem tilheyra sjóðnum. Við mat á verkefnum tekur stjórn SVS mið af markmiðum sjóðsins ásamt því að hafa að leiðarljósi að stuðla að auknu framboði af námi og náms-efni sem svarar þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Nánari skilgreining á skilmálum er að finna á vef sjóðsins.

Árið 2021 voru eftirfarandi verkefni styrkt:

- Gervigreind fyrir alla (þróun hugbúnaðar sem gerir nám aðgengilegra auk þróun námsefnis sem veitir starfsfólki grunnþekkingu í notkun gervigreindar í leik og starfi).
- Þýðing á handbók trúnaðarmannsins á pólsku og uppfærsla á smáforritinu OK (Orðakistan).


Þróun náms í verslun og þjónustu

Á árinu 2020 hóf fyrsti hópur göngu sína í Fagnámi og raunfærnimati í verslun og þjónustu í samstarfi við Verzlunarskóla Íslands, Mími, VR/SVS, Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þróunarhópur námsins fundaði reglulega árið 2021. Frá upphafi hafa 69 nemendur innritast í námið og 9 hafa útskrifast með fagbréf. Sumir nemendanna halda áfram námi og ljúka stúdentsprófi samhliða fagnáminu.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Námið er fyrsta fagháskólanám sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og hafa 64 nemendur verið skráðir í námið frá upphafi þess 2018.

Fjöldi sameiginlegra styrkja

Mynd 17



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks ("sjóðurinn") fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2021 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 5. maí 2022

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Umframráðstöfun fjármagns umfram iðgjöld ársins 2021 nam 7,1 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir sjóðsins 946,4 m.kr, bókfært eigið fé í árslok 882,1 m.kr. og var eiginfjárlutfall sjóðsins 93% í árslok.

Sjóðurinn var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins (SA) annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) hins vegar, þann 14. maí 2000.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samanstendur af fimm atriðum, en þau eru:

- Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsfólks sjóðsins sem leitt gæti til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin.
- Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks.
- Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum með því m.a. að styðja við áframhaldandi þróun náms fyrir þá sem starfa við þau.
- Að hvetja félagsfólk til náms.
- Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum.

Það er álit stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík 5. maí 2022

Í stjórn

Arndís Arnardóttir til apríl, SA
Eiður Stefánsson formaður frá júní, LÍV
Davíð Þorláksson frá apríl til desember, SA
Hugrún Elvarsdóttir frá desember, SA
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir formaður til júní og seta í stjórn til nóvember, SA
Ragna Vala Kjartansdóttir frá nóvember, SA
Sara Dögg Svanhildardóttir til júní, SA
Selma Árnadóttir til júní, VR
Sigurður Sigfússon, VR
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir frá júní, VR

Hugrún Elvarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Þöröf Árnadóttir
Ragna Vala Kjartansdóttir
Sara Dögg Svanhildardóttir
Selma Árnadóttir
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Löggjöld atvinnurekenda		625.804.301	575.530.371
Mótframlög stéttarféлага		156.451.092	143.860.981
		<u>782.255.393</u>	<u>719.391.352</u>
Rekstrargjöld			
Úthlutaðir styrkir	4	805.107.308	801.375.655
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	29.582.657	28.076.182
Markaðskostnaður	6	1.429.691	2.017.210
Innheimtukostnaður		16.728.622	15.402.861
		<u>852.848.278</u>	<u>846.871.908</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		(70.592.885)	(127.480.556)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur	7	78.180.848	82.941.922
Fjármagnsgjöld		(8.385)	(32.666)
Fjármagnstekjuskattur		(14.652.394)	(16.856.935)
		<u>63.520.069</u>	<u>66.052.321</u>
Umframráðstöfun ársins	10	<u>(7.072.816)</u>	<u>(61.428.235)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12 2021	31.12 2020
Veltufjármunir			
Verðbréfasafn	8	843.269.684	857.467.322
Óinnheimt iðgjöld	9	72.346.504	61.188.470
Aðrar skammtímakröfur		2.471.827	3.073.407
Handbært fé		28.339.495	27.553.108
Eignir		<u>946.427.510</u>	<u>949.282.307</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	<u>882.130.213</u>	<u>889.203.029</u>
Skuldir			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	11	54.067.317	51.015.456
Aðrar skammtímaskuldir	12	10.229.980	9.063.822
		<u>64.297.297</u>	<u>60.079.278</u>
Eigið fé og skuldir		<u>946.427.510</u>	<u>949.282.307</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		(7.072.816)	(61.428.235)
Hreinar fjármunatekjur		(63.520.069)	(66.052.321)
		<u>(70.592.885)</u>	<u>(127.480.556)</u>
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun		(10.556.454)	2.076.972
Skammtímaskuldir hækkun		1.166.158	182.084
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(79.983.181)</u>	<u>(125.221.500)</u>
Innborgaðir vextir af veltufjármunum		777.953	1.293.380
Greiddir vextir af skammtímaskuldum		(8.385)	(32.666)
Handbært fé frá rekstri		<u>(79.213.613)</u>	<u>(123.960.786)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréfasöfn, breyting	8	80.000.000	120.000.000
		<u>80.000.000</u>	<u>120.000.000</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		786.387	(3.960.786)
Handbært fé í upphafi árs		27.553.108	31.513.894
Handbært fé í lok árs		<u>28.339.495</u>	<u>27.553.108</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar þann 14. maí 2000. Sjóðurinn er eign VR, Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

3. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

b. Áhættustjórnun

Almenn stefna sjóðsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

c. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankareikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

d. Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

e. Fjármagnsgjöld

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

f. Fjármagnsgjöld

Hlutabréf og verðbréf í eigu sjóðsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

g. Handbært fé

Handbært fé sjóðsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

h. Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði.

Skýringar og sundurliðanir

4. Úthlutaðir styrkir

	2021	2020
Fræðslustyrkir til einstaklinga	740.886.774	747.909.838
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	59.718.450	49.135.357
Fræðslustjóri að láni - styrkir	2.793.584	821.354
Próunar- og nýsköpunarstyrkir	1.708.500	3.420.648
Aðrir styrkir	0	88.458
	<u>805.107.308</u>	<u>801.375.655</u>

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2021	2020
Umsýsluþóknun - greidd til VR	27.823.722	26.069.510
Rekstur Áttarinnar	853.507	1.079.193
Aðkeypt tölvuþjónusta	225.512	270.946
Endurskoðun	499.749	464.537
Stjórn og stjórnarfundir	91.271	30.907
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	59.272	15.366
Annar kostnaður	29.624	145.723
	<u>29.582.657</u>	<u>28.076.182</u>

VR annast daglega umsjón með rekstri sjóðsins samkvæmt samningi þar um. Í því felst m.a. allt starfsmannahald, móttaka, skráning og afgreiðsla umsókna, símsvörun, svör við fyrirspurnum til sjóðsins, úrskurðir um vafaatriði og umfjöllun um kærur, ásamt uppfærslu upplýsinga á vef sjóðsins.

6. Markaðskostnaður

	2021	2020
Kynningarstarf	35.000	672.456
Auglýsingar	979.814	416.450
Hönnun, útgáfa og prentun	414.877	560.700
Kynning þróunarverkefna	0	367.604
	<u>1.429.691</u>	<u>2.017.210</u>

7. Fjármunatekjur

	2021	2020
Vaxtatekjur af bankareikningum	135.293	424.454
Vaxtatekjur af iðgjöldum	672.419	962.306
Vaxtatekjur af verðbréfaeign	4.845.633	4.848.736
Gengishagnaður verðbréfasafns	74.900.386	79.254.714
Þóknun vegna verðbréfasafns	(2.372.883)	(2.548.288)
	<u>78.180.848</u>	<u>82.941.922</u>

Skýringar og sundurliðanir

8. Verðbréfasafn

a. Þróun verðbréfaeignar á árinu:

	31.12 2021	31.12 2020
Staða í ársbyrjun	857.467.322	901.118.493
Innborgað (útborgað) á verðbréfasöfn	(80.000.000)	(120.000.000)
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(11.570.774)	(5.206.332)
Greiddar umsýslupóknarir	(2.372.883)	(2.548.288)
Verðbreytingar ársins	79.746.019	84.103.449
Staða í árslok	843.269.684	857.467.322
Nafnávöxtun á verðbréfaeign	9.10%	8.09%
Raunávöxtun á verðbréfaeign	3.94%	4.84%

b. Verðbréf og verðbréfasjóðir greinast þannig á einstaka flokka:

	31.12 2021	31.12 2020
Innlán í bönkum og sparisjóðum	37.543.989	38.965.464
Ríkisvixlar, ríkisskuldabr. og skbr. m. ábyrgð ríkissjóðs	476.611.280	521.866.003
- Íbúðabréf	141.913.563	181.855.307
- Verðtryggð ríkisskuldabréf	134.965.394	151.736.786
- Óverðtryggð ríkisskuldabréf og vixlar	199.732.323	188.273.910
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	11.828.506	10.947.439
Skuldabr. og vixlar banka, sparisj. og annarra lánastofnana ...	11.516.524	7.576.812
Sértryggð skuldabréf	53.338.423	51.542.925
Skuldabréf fyrirtækja	24.683.906	24.207.257
Hlutabréf	227.747.056	202.361.422
- Innlend hlutabréf	70.246.099	55.265.693
- Erlend hlutabréf	157.500.957	147.095.729
	843.269.684	857.467.322

9. Óinnheimt iðgjöld

	2021	2020
LIVE og VR	71.339.330	60.118.212
Vlf. Vestfirðinga	0	579.087
Stéttarfélagið Samstaða	0	118.647
FVSA	316.677	21.059
Framsýn Stéttarfélag	50.686	0
Vlf. Snæfellinga	50.274	0
AFL starfsgreinafélag	589.537	351.465
	72.346.504	61.188.470

Skýringar og sundurliðanir

10. Eigið fé

Breytingar á eigin fé á árinu greinast þannig:

	2021	2020
Yfirfært frá fyrra ári	889.203.029	950.631.264
Umframráðstöfun ársins	(7.072.816)	(61.428.235)
Eigið fé 31.12. 2021	882.130.213	889.203.029

11. Reiknaður fjármagnstekjuskattur

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	51.015.456	39.458.234
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(11.570.774)	(5.206.332)
Breytingar á skuldbindingu vegna áf. fjármagnstekjuskatts ...	14.622.635	16.763.554
	54.067.317	51.015.456

12. Skammtímaskuldir

	31.12 2021	31.12 2020
Ógreiddir styrkir - Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar	0	21.866
Ógreiddir styrkir - Verslunarmannafélag Skagafjarðar	0	1.378.197
Ógreiddir styrkir - Stéttarfélag Vesturlands	733.631	50.762
Ógreiddir styrkir - Verkalýðsfélag Þórshafnar	36.325	183.642
Ógreiddir styrkir - Verkalýðsfélag Vestfirðinga	296.507	0
Ógreiddir styrkir - Stéttarfélagið Samstaða	6.894	0
Ógreidd þóknun VR	8.999.665	7.252.805
Aðrar skammtímaskuldir	156.958	176.550
	10.229.980	9.063.822

13. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það eru engir atburðir sem hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningi ársins 2021.

